


Fnjóská 2000

Athugun á ástandi seiðastofna

Bjarni Jónsson

Hólum, ágúst 2000 VMST-N-00010



VEIÐIMÁLSTOFNUN
Norðurlandsdeild

Fnjóská 2000

Athugun á ástandi seiðastofna

Bjarni Jónsson

Hólum, ágúst 2000

VMST-N-00010

Inngangur

Gerð var athugun seiðastofnum Fnjóskár 25. – 26. júlí 2000. Markmið þessara athugana var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu laxa,- bleikju,- og urriðaseiða, vöxt og afkomu í Fnjóská. Á grundvelli þessara upplýsinga er mat lagt á heildarástand seiðastofna í Fnjóská.

Aðferðir

Ástand seiðastofna í Fnjóská var kannað með rafveiðum. Í júlí 2000 var rafveitt á tíu stöðum í Fnjóská; Veitt var á flestum sömu stöðum og undanfarin ár (Bjarni Jónsson, 1999, VMST-N/99010). Bætt var við einum nýjum stað á áreyrunum við Laufás 1998 og í Bakkaá sumarið 1999. Vegna framkvæmda á áreyrunum við Laufás var hvorki reynt að veiða þar sumarið 1999 eða 2000. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 270m²- 868m² en hún var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað.

Rafveiðistaðir voru valdir með það að augnamiði að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Af þeim sökum er þeirri aðferð beitt að veiða sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valin staður eins og kostur er á grýttum köflum í ánni þar sem von er meiri seiðaframleiðslu og fleiri árganga seiða.

Niðurstöður rafveiða 2000

Rafveitt var á einum stað í Fnjóská ofan ármóta við Bakkaá. Rafveitt var á móts við Reyki (stöð 1b; mynd 1). Á þessum stað var nokkur þéttleiki bleikjuseiða, þrír árgangar, vorgömul (0+), eins árs (1+) og tveggja ára (2+) seiði (Tafla 2; mynd 3a). Ekki varð vart við urriðaseiði á þessum stað eins og sumarið 1999 (Bjarni Jónsson, 1999).

Í Bakkaá var rafveitt á einum stað (stað 1c), rétt neðan við brú yfir Bakkaá. Einnig var rafveitt á þessum stað sumarið 1999, þá eftir langt hlé (Bjarni Jónsson, 1999). Ekki veiddust laxaseiði á þessu svæði fremur en sumarið 1999. Nokkuð var hinsvegar af bleikjuseiðum og urriðaseiðum. Þrír árgangar bleikjuseiða veiddust, vorgömul, eins

árs og tveggja ára seiði (Tafla 2; mynd 3a) og tveir árgangar urriðaseiða (Tafla 3; mynd 4a). Mun meiri þéttleiki reyndist af bæði bleikju- og urriðaseiðum á þessum stað sumarið 1999 (Bjarni Jónsson, 1999).

Rafveitt var nokkru ofan Illugastaða (staður 3; mynd 1). Ekki veiddust laxaseiði á þessum kafla, fremur en sumarið 1999 (Bjarni Jónsson, 1999), en talsvert af bleikjuseiðum og vottur af urriðaseiðum. Þrír árgangar bleikjuseiða veiddust; vorgömul og tveggja ára seiði (Tafla 2; mynd 3a) og vorgömul og tveggja ára urriðaseiði (Tafla 2; mynd 4a).

Við Steinkirkju (staður 5; mynd 1) varð ekki vart við laxaseiði fremur en sumarið 1999. Vorgömul laxaseiði höfðu þó fundist þar sumarið 1998 (Bjarni Jónsson, 1999). Mikið veiddist hinsvegar af bleikjuseiðum á þessum stað, mest af vorgömlum og eins árs seiðum en einnig tveggja ára seiði (Tafla 2; mynd 3b). Ekki varð vart við urriðaseiði.

Við Mörk (staður 7; mynd 1) varð ekki vart við laxaseiði, en þar var vottur af tveimur árgögum laxaseiða, tveggja ára og þriggja ára seiðum sumarið 1999 (Bjarni Jónsson, 1999). Tveir árgangar bleikjuseiða komu fram í rafveiðunum; vorgömul og eins árs seiði (Tafla 2; mynd 3b). Tveggja ára urriðaseiði veiddust á þessum stað (Tafla 3; mynd 4a). Síðastliðið sumar voru þar eins árs urriðaseiði (Bjarni Jónsson, 1999).

Efsti rafveiðistaðurinn þar sem vart var við laxaseiði í Fnjóská sumarið 2000 var á veiðistað fyrir ofan brú á þjóðvegi 1 (staður 8; mynd 1). Aðeins var þar af eins árs laxaseiðum (Tafla 1; mynd 2a). Á þessum stað veiddist nokkuð af vorgömlum laxaseiðum sumarið 1999 (Bjarni Jónsson 1999). Tölverður þéttleiki var af bleikjuseiðum, þrír árgangar; vorgömul, eins- og tveggja ára bleikjuseiði (Tafla 2; mynd 3b). Einnig veiddust nú urriðaseiði á þessum stað, eins árs seiði (Tafla 3; mynd 4b).

Sá staður þar sem hlutfallslega mest var af laxaseiðum var í kvíslinni við Þingmannalæk (staður 8a; mynd 1). Þar voru eins,- tveggja- og þriggja ára náttúruleg laxaseiði, auk eins árs sleppiseiða (Tafla 1; mynd 2a). Engin laxaseiði veiddust á þessum stað sumarið 1999 (Bjarni Jónsson, 1999). Mikið var af bleikjuseiðum í

kvíslinni, sérstaklega þrír árgangar; vorgömul, eins árs,- og tveggja ára seiði, en einnig þriggja ára bleikjuseiði (Tafla 2; mynd 3c). Vottur var af vorgömlum urriðaseiðum á þessum stað (Tafla 3; mynd 4b).

Við Veisusel (staður 9) veiddist nú tveir árgangar laxaseiða, eins,- og tveggja ára seiði (Tafla 1; mynd 2a). Var þetta meiri veiði af laxaseiðum en sumarið 1999 en minni en sumarið 1998 (Bjarni Jónsson, 1999). Nokkuð var af vorgömlum og tveggja ára bleikju- og urriðaseiðum við Veisusel (Töflur 2 og 3; myndir 3c og 4b).

Fyrir ofan Þverá (staður 11; mynd 1) veiddist aðeins einn árgangur laxaseiða, tveggja ára seiði (Tafla 1; mynd 2b). Á þessum kafla voru þrír árgangar laxaseiða; eins,- tveggja- og þriggja ára seiði sumarið 1999 og þriggja og fjögurra ára gömul laxaseiði sumarið 1998 (Bjarni Jónsson, 1999). Tveir árgangar af bleikjuseiðum veiddust á þessum stað, vorgömul og tveggja ára seiði (Tafla 2; mynd 3c).

Rafveitt var fyrir neðan Skarð (staður 12; mynd 1). Nýr rafveiðistaður á áreyrum við Laufás sem bætt var við sumarið 1998 var ekki lengur til staðar vegna jarðrasks. Fyrir neðan Skarð veiddist aðeins einn árgangur laxaseiða, tveggja ára seiði, líkt og við Þverá (Tafla 1; mynd 2b). Á þessum stað veiddust tveir árgangar laxaseiða sumarið 1999, eins árs og þriggja ára seiði, en vorgömul, þriggja og fjögurra ára seiði sumarið 1998 (Bjarni Jónsson, 1999). Auk laxaseiða og bleikjuseiða voru eins árs urriðaseiði á þessum stað sumarið 2000 (Tafla 3; mynd 4c).

Umræða um niðurstöður rafveiða

Laxaseiði

Það er ljóst af þeim seiðarannsóknum sem fram fóru nú í summar að laxinn er enn á undanhaldi í Fnjóská. Efri útbreiðslumörk náttúrulegra laxaseiða virðast vera nokkru ofan brúar við þjóðveg 1 og hafa efri mörkin verið að skreppa saman á síðustu árum (sjá Bjarni Jónsson, 1995, VMST-N/95006; Bjarni Jónsson 1999). Þéttleiki laxaseiða er einnig almennt líttill víðast um Fnjóská. Neðstu rafveiðistaðirnir, fyrir ofan Þverá og fyrir neðan Skarð þar sem yfirleitt hafa veiðst fleiri árgangar laxaseiða og í meiri þéttleika voru nú þunnskipaðir. Aðeins varð vart við einn árgang laxaseiða á þessum

slóðum í ánni, tveggja ára seiði. Ekki varð vart við vorgömul laxaseiði í rafveiðunum nú í sumar. Það tekur tíma fyrir yngstu seiðin að dreifa sér um ána og því ekki alltaf sem þau koma fram í rafveiðum á sínu fyrsta sumri. Það veldur samt áhyggjum að verða ekki var við þau á neinum þeirra staða sem voru athugaðir, sem bendir til þess að þau séu óvíska í ánni og í litlu magni. Útbreiðsla laxaseiða eftir árgögnum virðist svæðisbundin þar sem efstu náttúrleg laxaseiði sem fundust í ánni veiddust við brú á þjóðvegi 1 og þau neðstu fyrir neðan Veisusel. Þeirra neðri mörk gætu því verði nokkru ofan Þverár. Efsti staðurinn þar sem tveggja ára laxaseiði veiddust var í kvíslinni við Þingmannalæk, en þau fundust einni á rafveiðistöðum neðar í Fnjóská. Vöxtur miðað við aldur er hinsvegar almennt ágætur hjá laxaseiðunum. Sjávarganga laxaseiða úr Fnjóská hefur verið undir meðallagi nú í sumar og búast má við fremur slakri göngu laxaseiða úr Fnjóská sumarið 2001.

Bleikjuseiði

Ástand seiðastofna bleikju í Fnjóská virðist mjög gott um þessar mundir, ólíkt því hjá laxinum. Mikið veiddist af vænum bleikjuseiðum, vorgömlum, eins,- og tveggja ára gömlum á flestum rafveiðistöðum í Fnjóská nú í sumar. Mest veiddist af eldri bleikjuseiðum í kvísl við Þingmannalæk og fyrir ofan Þverá. Seiði sjóbleikju eru útbreidd um alla ána og sjóbleikja veiðanleg mun lengra fram Fnjóská en talið var til skamms tíma (Bjarni Jónsson, 1999).

Urriðaseiði

Ávallt er eitthvað um urriða í Fnjóská. Urriðinn er samt bundinn við takmarkaðri svæði en bleikjan og gjarnan finnast ekki margir árgangar af honum í senn á sama athugunarstaðnum. Á svæðum eins og í Bakkaá getur þó verið meira af honum. Það hefur einmitt komið í ljós að þar má veiða nokkuð af honum.

Almenn umræða

Þegar þetta er skrifað er veiðítímabili í Fnjóská ekki lokið fyrir sumarið 2000.

Laxveiði hefur þó verið dræm eins og í flestum ám á Norðurlandi. Fnjóská mun samt væntanlega státa af einum stærsta laxi sumarsins, 22 punda laxi. Enn er einnig of snemmt að meta endurheimtur af örmerktum haustsleppiseiðum nú í sumar. Þau haustsleppiseiði sem gengu úr Fnjóská í sumar voru í mjög góðu ásigkomulagi og

umhirða þeirra og viðskilnaður úr sleppitjörn vel heppnaður. Eftir á hinsvegar að koma í ljós hvernig þau skila sér úr sjó. Sjóbleikjuveiðin mun væntanlega standa betur undir væntingum en laxveiðin nú í sumar. Enn er mikill vaxtarbroddur í sjóbleikjuveiðinni og áhugi á henni að aukast. Á tímum þegar laxveiði hefur farið minnkandi í Fnjóská og laxaseiði almennt að hopa í ánni, þá hefur sjóbleikjuveiðin haldið ánni uppi. Þessi sveifla hefur minnt á gæði Fnjóskár sem sjóbleikjuár. Fnjóská hefur alla burði til að vera ein af bestu sjóbleikjuám landsins. Nú þegar laxinn hefur hopað í Fnjóská þrátt fyrir ýmsar aðgerðir til að viðhalda honum sem víðast í ánni er erfitt að sjá fyrir þróun næstu ára. Fnjóská er á mörkum þess að vera sjóbleikjuá og laxveiðiá og hefur það sveiflast nokkuð eftir árferði. Síðustu tvö sumur hafa verið mjög slæmar heimtur af laxi úr sjó í ár á Norðurlandi. Þetta hefur gert það að verkum að jafnvel í ám þar sem laxaseiðabúskapur hefur verið með ágætum og mikið gengið út af sjógönguseiðum hefur verið dræm laxveiði. Smærri laxveiðiárnar, eða þar sem að jafnaði veiðist minna af laxi virðast viðkvæmari fyrir svona niðursveiflum. Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að sýna meiri árverkni við nýtingu á ánum vegna þess að veiðipol laxastofna getur dvínað með minnkandi laxagöngum. Lax mun halda velli í Fnjóská. Útbreiðsla laxins um ána hefur hinsvegar verið meiri en ef ekki hefði verið staðið að ýmsum aðgerðum til að halda honum sem víðast. Umræða hefur verið um það hvort að í framtíðinni beri að leggja meiri áherslu á að efla Fnjóská sem sjóbleikjuá og hvort að þær öflugu en kostnaðarsömu aðgerðir sem beitt hefur verið til að auka laxgengd í ána borgi sig. Við slíkt mat þarf margt að koma til. Ráða þarf í framtíðarþróun í eftirspurn eftir veiðileyfum og þá ekki síst hvort ásókn í sjóbleikjuveiði muni vaxa nægjanlega mikið til að gera hana verðmeiri. Meta þarf fórnarkostnað við aðgerðir er miða að því að auka laxgengd í Fnjóská. Ef umhverfisskilyrði í hafi munu yfir lengri tíma stuðla að lélegum heimtum á laxi úr sjó mun það draga úr árangri aðgerða til að efla laxveiði. En fyrst og síðast eru það tilfinningar og vilji heimamanna sjálfra sem mestu máli skiptir.

Tafla 1: Péttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fnjóská 25.-26. júlí 2000. SS merkir sleppiseiði.


Staður	Stærð veiðisv.	Aldur				
		0+	1+	1+SS	2+	3+
1b	35x14 m					
1c	70x5 m					
3	60x6 m					
5	45x6 m					
7	40x15 m					
8	38x14 m		0,19			
8a	35x12 m		0,24	0,48	0,24	0,24
9	62x14 m		0,12		0,23	
11	55x12 m				0,15	
12	50x15 m					0,67

Tafla 2: Péttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fnjóská 25.-26. júlí 2000.

Staður	Stærð veiðisv.	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
1b	35x14 m	1,22	2,24	0,41	
1c	70x5 m	1,43	0,57	0,86	
3	60x6 m	2,22	2,5	1,67	
5	45x6 m	5,56	2,96	0,37	
7	40x15 m	1	0,5		
8	38x14 m	2,63	2,26	1,32	
8a	35x12 m	2,86	2,86	2,38	0,71
9	62x14 m	1,38		1,15	
11	55x12 m	0,30		4,55	
12	50x15 m	0,93	1,2	0,13	


Tafla 3: Péttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fnjóská 25.-26. júlí 2000.

Staður	Stærð veiðisv.	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
1b	35x14 m				
1c	70x5 m	0,86	0,57		
3	60x6 m	0,28		0,56	
5	45x6 m				
7	40x15 m			0,17	
8	38x14 m		0,19		
8a	35x12 m	2,14			
9	62x14 m	0,23		0,35	
11	55x12 m				
12	50x15 m		0,13		




Mynd 1. Rafveiðistaðir í Fnjóská


Staður 8



Staður 8a




Staður 9




Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fnjóská 25.-26. júlí 2000.




Staður 11






Staður 12






Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fnjóská 25.-26. júlí 2000.




Mynd 3a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fnjóská 25.-26. júlí 2000.



Mynd 3b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fnjóská 25.-26. júlí 2000.




Mynd 3c: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fnjóská 25.-26. júlí 2000.




Mynd 3d: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fnjóská 25.-
26. júlí 2000.


Staður 1c






Staður 3




Staður 7



Mynd 4a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Fnjóská 25.-26. júlí 2000.



Mynd 4b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Fnjóská 25.-26. júlí 2000.



Mynd 4c: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Fnjóská 25.-26. júlí 2000.